


Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Ísafjörður 15. júní 2018
UST201806-201/K.Ó.J.
10.04.03

Efni: Umsögn Hornstrandaneftndar vegna deiliskipulags Sæborgar í Aðalvík

Umsögn Hornstrandaneftndar um deiliskipulagstillögu Sæborgar
Hornstrandaneftnd hefur hist og farið yfir deiliskipulagstillögu vegna Sæborgar, eins og óskar var eftir í tölvupósti frá skipulags- og byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar sem barst nefndarmönnum þann 14. maí sl.

Eins og fram kemur í greinagerð með deiliskipulagstillögnum voru settar fram reglur um nýbyggingar innan Hornstrandafriðlandsins í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, þar sem tilgreint er að endurbyggja megi öll íbúðarhús og þjónustuhús sem búið var í eftir 1908. Í viðauka A með aðalskipulaginu kemur fram að á jörðunum Sæból og Garðar megi byggja þrjú hús til viðbótar þeim húsum sem stóðu þegar skipulagið var unnið. Frá þeim tíma hefur ekki verið byggt á þessum jörðum og því stendur enn að það megi byggja þrjú hús til viðbótar.

Hornstrandaneftnd vill benda á að með þessu afmarkaða deiliskipulagi er verið að skipta upp lóðum án þess að deiliskipuleggja allt svæðið sem byggingarrétturinn nær til. Ekki hefur verið gefið út hvernig byggingarleyfin eiga að skipta á milli jarðanna. Einnig er ekkert getið um innviði í þessu afmarkaða deiliskipulagi eins og vedi og gönguleiðir, aðgengi að lendingarstað o.s.fr..

Virðingarfyllst

F.h. Hornstrandaneftndar

Kristín Ósk Jónasdóttir
Kristín Ósk Jónasdóttir
Sérfræðingur